

# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



AÐALFUNDUR 29. DESEMBER 2011



# Skýrsla stjórnar GV starfsárið 2010 - 2011



## Stjórn, nefndir og starfsfólk

Á aðalfundi GV 18. nóvember 2010 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn starfsárið 2010-2011 og skipti stjórn svo með sér verkum: Helgi Bragason, formaður, Haraldur Óskarsson, varaformaður, Hörður Óskarsson, gjaldkeri, Ragnar Baldvinsson, ritari og Böðvar Bergþórsson, meðstj. Til vara voru kjörnir Sigurjón Pálsson og Jón Árni Ólafsson

Haldnir voru 15 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum, ýmsir vinnufundir vegna sérstakra verkefna. Fundum í nefndum fjölgaði og starf í nefndum var virkara og er það markmið stjórnar að starf í nefndum klúbbsins verði eftt frekar.

Kjörnir endurskoðendur, Gunnar Gunnarsson og Páll Einarsson og til vara Gísli Jónasson.

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:

Kappleikjanefnd: Jón Árni Ólafsson form.

Vallarnefnd: Ríkharður Hrafnkelsson form

Húsnefnd: Haraldur Óskarsson form.

Aganefnd: Kristján Ólafsson form.

Unglinga og afreksnefnd: Haraldur Óskarsson form.

Markaðs og kynningarnefnd: Helgi Bragason form.

Kvennanefnd: Karín Herta Hafsteinsdóttir form.

Öldunganefnd: Gunnar Gunnarsson form.

Eftirtaldir gegndu stjórnarstörfum fyrir GV á starfsárinu:  
Framkvæmdastjóri: Elsa Valgeirsdóttir.  
Vallarstjóri: Örlýgur Helgi Grímsson.  
Yfirþjálfari/umsjónarmaður unglunga: Karl Haraldsson

Auk þess starfaði fjöldi annarra starfsmanna hjá klúbbum í ár eða um 17 manns, þar af 4 unglingar frá vinnuskóla Vestmannaeyjabæjar.

Gunnar Gunnarsson fyrrum formaður GV hefur setið í stjórn GSÍ og var endurkjörinn á síðasta golfþingi í nóvembermánuði sl.

Stjórn GV þakkar öllum þeim sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

## Mótahald



Eins og undanfarin ár var kappleikjahald á vegum klúbbsins líflegt og voru skráð mót klúbbsins 25 og heildarþátttakendafjöldi í mótum sem skráð voru á [www.golf.is](http://www.golf.is) var 1.680 þátttakendur eða um 67 þáttakendur að meðaltali í hverju móti. Auk þessa voru haldin innanfélagsmót og mót fyrir börn og unglinga.

Sumarið 2010 voru haldin 18 mót með 1.223 þáttkendum eða 71 að meðaltali og 2009 voru 17 mót með 71 kylfing að meðaltali í móti.

Stærsta einstaka mót sumarsins var sveitakeppni eldri kylfinga sem haldið var í Eyjum dagana 26. – 28. ágúst. Keppendur voru 177 og keppt var í tveimur deildum í karlaflokki og einni deild í kvennaflokki. Mótið var haldið í blíðskaparveðri og tóks mótahald afskaplega vel og fékk GV mikið lof fyrir mótstjórn og vallaraðstæður. Sigurliðin í mótinu urðu:

Íslandsmeistarar í karlaflokki: Sveit GR  
Íslandsmeistarar í kvennaflokki: Sveit GR  
Deildarmeistarar í 2. Deild: Sveit GV

Eitt stigamót á Eimskipsmótaröðinni var haldið í Eyjum helgina 11. – 12. Júní og voru þáttakendur 80 talsins. Sigurverar á mótinu voru:

Í kvennaflokki: Tinna Jóhannsdóttir, GK, 146 högg, +6

Í karlaflokki: Guðjón Henning Hilmarsson, GK, 136 högg, -4

Mótshald gekk vel fyrir utan það að fresta þurfti öðrum hring mótsins vegna veðurs.

Þann 10. ágúst var suðurlandsmótaröð barna haldin í Eyjum í blíðskaparveðri og tókst mótið mjög vel en 90 þáttakendur tóku þátt og stóðu keppendur GV sig vel í mótinu. Suðurlandsmótaröð barna byrjaði sumarið 2010 og var fyrst núna í sumar keppt í Eyjum og vonandi verður áframhald þar á en mótið er mjög gott fyrir okkar yngstu kylfinga til að stíga sín fyrstu skref í keppni við jafnaldra sína í öðrum golfklúbbum og á sama hátt frábært að geta gefið ungum kylfingum tækifæri til þess að fá að spila við bestu aðstæður hér í Eyjum.

Icelandair Volcano Open sem var nú haldið í sjötta skipti í samstarfi við Icelandair var stærsta opna mót sumarsins með 146 keppendur sem spiluðu í tveimur ráshópum goslokahegna 1.-2. Júlí. Veður var satt best að segja ekki gott mótsdagana sem óneitanlega kom niður á mótinu en það er eitthvað sem enginn ræður við og sýndu keppendur því skilning og fóru sáttir heim frá Eyjum. Forstjóri Icelandair tók þátt í mótinu og tilkynnti það á lokahófi mótsins að félagið vildi gera 5 ára samning við GV vegna mótsins. Kunnnum við forsvarsmönnum Icelandair þakkir fyrir stuðninginn og munum halda áfram að byggja upp í samstarfi við Icelandair þetta þekktasta opna mót landsins.

Önnur stór mót sem haldin voru í Eyjum sumarið 2011 voru m.a.:

Herminator Open 104 þáttakendur

Fyrirtækjakeppni GV 88 þáttakendur

Eimskip open 71 þáttakandi

Auk þess voru haldin stór og þekkt boðsmót hjá m.a. Skeljungu, Íslandsbanka og Eimskip.

Í síðasta golfþingi sem haldið var í Garðabæ í nóvember síðasliðnum var ákveðið að annað stigamótið í Eimskipsmótaröðinni skyldi haldið í Eyjum 10. júní og 35 ára mótið (Íslandsmót 35 ára og eldri) verður haldið í Eyjum helgina 19. – 21. Júlí. Icelandair volcano open verður haldið þann 6. – 7. júlí. Stefnt er að því að endanleg mótaskrá verði svo kynnt á félagsfundi í mars eða aprílmánuði 2012.

## Völlurinn og Golfskálinn



Tíðarfarið í fyrra vetur og fram á vor var vellinum heldur óhagstætt, þó var marsmánuður þokkalega hlýr og tók gróður þá að taka við sér. Í kjölfarið eða þann 29.mars var borið á allar flatir og var von manna að gróður væri að fara á fulla ferð. En aprilmánuður hófst með kulda og í kjölfarið vestan vindar sem var ekki gott fyrir völlin. Það var ekki fyrir en í byrjun maí sem gróður fór á fulla ferð og hægt var að slá flatir og færa inn á. Heilt yfir var umhýrða vallarins í góðu lagi og völlurinn í betra ásigkomulagi en síðastliðin tvö sumur.

Um miðjan apríl hóf Örlygur vallarstjóri störf við að undirbúa sumarið, yfirfara vélar og gera völlinn klárann. Guðmundur vélmaður hjá MHG var fenginn í heimsókn í apríl til að taka út vélafлотann og ráðleggja Örlygi varðandi viðhald og umhýrðu. Var góður rómur gerður að heimsókn Guðmundar. Í framhaldinu var ákveðið að kaupa nýja sláttuvalsa á nýrri flatarsláttuvélina og setja valsana af þeirri vél yfir á eldri flatarsláttuvélina. Þá voru einnig keyptir nýjir hnifar í „verticuttvalsana“ til að fá betri nýtingu og gæði á skurð flatanna. Fór ekkert á milli mála að þessi aðgerð bætti flatirnar til mikilla muna síðastliðið sumar.

Á þurkatímanum, sem kemur oftast eitthvað á hverju sumri, kom notkunin á fljótandi áburðinum á flatirnar berlega í ljós og sannfærði okkur um að kaupin á vökvadreyfaranum í fyrra hafi verið skynsamleg.

Með tilkomu Landeyjarhafnar auðveldaði það okkur að nálgast góðan og ódýrari svartan sand til söndunar á flötum. Þetta gerði það að verkum að flatir voru sandaðar oft og meira en áður sem bætti flatir enn meira. Einnig var tappagatað fyrir þjóðhátíð og reyndist sú aðgerð hafa heppnast mjög vel, bæði varðandi tímasetningu og gæði flata seinni part sumars.

Afar litlar framkvæmdir voru á vellinum á liðnu sumri en göngustígur af sjötta teig við hliðina á fimmtu flöt var lagfærður.

Nokkuð viðhald fór fram á golfskálanum í sumar borið var á skálann, opnanlegir gluggar þettaðir og þakið yfirfarið, nýjar rennur voru settar upp, grindverkið á palli að hluta endurnýjað, auk ýmissa smærri lagfæringa á húsnæði GV.

## Unglinga og afreksstarf



Unglinga og afreksstarf klúbbsins var stór þáttur í starfi klúbbsins í sumar eins og undanfarin ár en hlutfall unglunga og barna í GV er mjög hátt.

Karlasveit GV keppti í 1. deild og fór keppnin fram hjá GKG. Sveit GV endaði í fjórða sæti sem er besti árangur sveitar GV í langa tíma. Keppir sveit GV því áfram í fyrstu deild á næsta ári. Sveitina skipuðu eftirtaldir aðilar: Liðsstjórar: Sigurður Bragason og Hörður Óskarsson, keppendur Örlygur Helgi Grímsson, Gunnar Geir Gústafsson, Karl Haraldsson, Hallgrímur Júlíusson, Rúnar Þór Karlsson, Hörður Orri Grettisson og Bjarki Ómarsson

Öldungasveit karla keppti í Sveitakeppni sem haldin var í Vestmannaeyjum í ágúst mánuði eins og að framan segir og sigraði þar 2. deildina og endurheimti sæti sitt í fyrstu deild þar sem hún á heima og fer vonandi að finna sitt fyrra form en sveit GV var í fremstu röð og Íslandsmeistari í nokkur skipti.

GV eignaðist einn íslandsmeistara í sumar þegar fyrrum formaður klúbbsins Ragnar Guðmundsson (Rakki rakari) gerði sér lítið fyrir og sigraði íslandsmót öldunga 70 ára og eldri sem haldið var í Kiðjabergi. Glæsilegur árangur hjá Ragnari og óskum við honum innilega til hamingju með hann.

Unglingar okkar æfðu af kappi í sumar eins og undanfarin ár. Fækkað hefur í hópi eldri unglunga sem æfa og keppa fyrir hönd GV og er það umhugsunarefni fyrir klúbbinn og eitthvað sem fara þarf vel yfir í starfinu og móta þarf stefnu til framtíðar. Barnastarfið er aftur á móti mjög öflugt og árangur og geta yngri unglunga og barna er að aukast en eins og að framan segir þurfum við að huga að eftirfylgni við þennan hóp.

Golfskóli Sparisjóðsins starfaði eins og undanfarin ár og gekk mjög vel, starfsmemin var í maí, júní og júlí. Sú breyting var gerð í sumar að vera einnig með golfleikjaskóla GV fyrir þá allra yngstu sem eru að taka sín fyrstu skref í íþróttinni. Þátttakendur í golfskólanum voru um 90 og í golfleikjaskólanum voru þátttakendur um 20. Heildafjöldi barna á aldrinum 6 – 14 ára á námskeiðum hjá GV í sumar voru því um 110 sem er talsverð aukning og er starfsemi skólans til fyrirmyndar.

Karl Haraldsson PGA golfkennari var yfir barna og unglingastarfinu og naut aðstoðar Grétars Eyþórsson íþróttakennara og ungra og efnilegra aðstoðarmanna.

## Félagsstarf, notkun golfvallar



Golfklúbbur Vestmannaeyja er ekki stór golfklúbbur ef fjöldi félaga er talinn en félagsmenn eru nú um 340 og hefur félagsfjöldi verið nokkuð stöðugur undanfarnin ár. Af þessum 340 eru um 80 félagsmenn börn og unglingar. Heildarfélagafjöldi í golfklúbbum landsins er um 16.000 þar af eru því rúm 2% í GV. Talið er að um 60 þúsund manns hafi farið í golf einu sinni eða oftar á árinu. Þrátt fyrir að GV sé ekki stór talið í fjölda félaga er klúbburinn þó stór ef lítið er á sögu hans og golfvöllinn og umhverfi hans sem flestir kylfingar líta á sem skemmtilegasta golfvöll landsins.

Það kostar mikla vinnu og fjármuni að halda úti jafn glæsilegri aðstöðu og GV getur boðið sínum félagsmönnum. Starfsemi GV verður bara haldið áfram í góðu sambandi við samfélagið sem við búum í. Gott samband og góð samvinna stjórnar og starfsmanna klúbbsins við félagsmenn, bæjaryfirvöld, bæjarbúa og fyrirtæki eru okkur lífsnauðsynleg. Til að halda áfram að byggja upp og halda vellinum okkar í fremstu röð þurfum við aðstoða frá Vestmannaeyjabæ og á næstu árum þarf að fara í ýmsar endurbætur og uppbyggingu á og við völlin okkar ef við viljum áfram vera í fremstu röð. Eins og ég hef áður sagt hér á aðalfundi þá er það eðlileg krafa golfara í Eyjum að næsta aðkoma bæjaryfirvalda að íþróttauppbýggingu í Eyjum verði aðstoð við uppbyggingu hjá GV en Vestmannaeyjabær hefur á undanförunum árum lagt mikla fjármuni til uppbyggingar íþróttamannvirkja sem við golfarar fögnum en viljum að nú fari röðin að koma að okkur.

Eins og ég kem inná hér á eftir lauk stjórn fjárhagslegri endurskipulagningu GV á síðustu dögum í samstarfi við viðskiptabanka klúbbsins með aðstoð bæjaryfirvalda og er skuldsetning klúbbsins nú viðráðanleg en staðan er þó þannig að eðlileg uppbygging hjá klúbbnum getur ekki orðið nema með aðkomu bæjaryfirvalda. Að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu er það verk nýrrar stjórnar að fara í stefnumótun um næstu skref í uppbyggingu klúbbsins og þá vinnu þarf að vinna með aðkomu félagsmanna, bæjaryfirvalda og styrktaraðila.

Aðgengi að golfvöllinum í Eyjum hefur verið mikið og gott í gegnum tíðina og Vestmannaeyingar hafa notið þeirra forréttinda að geta labbað á fyrsta teig án þess að bóka rástíma. Þrátt fyrir auðvelt aðgengi og frábæra aðstöðu þá er árgjaldið að meðaltali um 20% lægra en sambærilegra klúbba. Með tilkomu Landeyjahafnar komum við á rástímaskráningu hér í Eyjum yfir sumarmánuðina sem er nauðsynleg vegna aukinnar aðsóknar kylfinga af fastalandinu og einnig til að mæla notkun á vellinum. Sumarið 2011 var fyrsta marktæka skráningarsumarið en í júní (1.200 hringir), júlí (2.150 hringir) og ágúst (1.550) voru skráðir samtals um 4.900 hringir þar af eru um 1.150 keppendur í mótum og 2.800 úr öðrum klúbbum, en skráðir hringir heimamanna í þessum mánuðum voru um 1.150. Það er ljóst að skráningin er ekki fullkomin og vantar ennþá á það að heimamenn skrái sig á völlinn og það þurfum við að bæta. Til samanburðar fann ég notkun í öðrum ársskýrslum (það skal tekið fram að þetta er ársnotkun en áætluð ársnotkun/spilaðir hringir hjá GV er um 10 – 12 þús hringir):

GL (Akranes) um 20 þús hringir

GK (Keilir, Hvaleyri) um 20 þús hringir

GS (suðurnes) um 20 þús hringir

Sjálfbóðaliðastarf á vegum klúbbsins hefur verið ágætt og félagsmenn oftast boðnir og búnir þegar til þeirra er leitað en sjálfbóðaliðastarf er klúbbi eins og GV nauðsynlegt og þurfum við sífellt að efla þann þátt og virkja félagsmenn í starfi fyrir klúbbinn. Á aðalfundi eru lagðar fram smávægilegar lagabreytingar m.a. er lagt til að nefndir verði sameinaðar. Er það markmið stjórnar að með þessu móti megi efla starf í nefndum klúbbsins og fá þá fleiri félagsmenn að starfi og ákórðunum teknum í starfinu.

Um miðjan maímánuð er fyrirhuguð Skotlandsferð félaga í GV sem skipulögð er af þeim bræðrum Haraldi og Herði Óskarssonum og hinum hundtrygga aðstoðarmanni þeirra Gunnlaugi Grettissyni. Þetta er fjórða ferðin sem farin er á Dundeesvæðið og verður ferðafyrirkomulag kynnt nú í lok aðalfundar en vonumst við til að eignast nú vinaklúbb á svæðinu.

GV er í vinaklúbbasamstarfi við eftirtalda klúbba: Kjöl Mosfellsbæ, Selfoss, Hveragerði, Borgarnes, Mostra Stykkishólmi, Sandgerði, Grindavík, Keflavík, Flúðir, Bakkakot og Hellu. Í flestum tilfellum er um að ræða 50% gagnkvæman afslátt af vallargjöldum.



## Fjármál og rekstur



Gjaldkeri mun gera grein fyrir ársreikningi klúbbsins hér á eftir. Daglegur rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og hafa tekjur hækkað um 15 % á milli ára, eru nú um 54 millj. kr. Rekstrarkostnaður eykst um 5,3% og er nú um 44 millj. kr. án afskrifta. Afgangur af rekstri fyrir fjármagnsliði og afskriftir er því um 9,6 millj. kr. sem er vel viðunandi. Rekstrarniðurstaða ársins er hagnaður kr. 25,9 millj. kr. þ.a. gengishagnður 20,50 millj. kr. Eins og ég hef komið inná hér að framan þá kláraði stjórn fjárhagslega endurskipulagningu klúbbsins í samvinnu við viðskiptabanka klúbbsins með aðkomu Vestmannaeyjabæjar. Á Síðasta aðalfundi voru langtímaskuldir klúbbsins um 81 milljón króna en eftir hefðbundna höfuðstólslækkun voru skuldir klúbbsins færðar úr erlendum lánum í eitt nýtt íslenskt lán uppá um 62 milljón króna, er það sú staða sem kynnt er í ársreikningum klúbbsins nú þ.e. staðan þann 31.10.2011. Hið nýja íslenska lán ber í dag 6,75% vextir sem eru meira en tvöfaldir þeir vextir sem við vorum með á hinum erlendu lánum sem við höfðum áður og ljóst var að klúbburinn gat ekki staðið undir þessari skuldsetningu. Var það niðurstaða að við náðum að lækka langtímaskuldirnar niður í um 37 milljónir krónar, var það gert með 10 milljón króna aukaframlagi frá Vestmannaeyjabæ, 10 milljón króna eiginfjárframlagi GV og 5 milljón króna niðurfærslu viðskiptabanka okkar. Langtímaskuldir GV eru því um 37 milljónir í dag þ.e. eitt lán hjá Íslandsbanka með í dag 6,75% vexti og einn gjalddaga á ári, fyrst í mars 2013 en greiddur er einn vaxtagjalddagi í marsmánuði 2012. Endurgreiðslutími er 25 ár og greiðslubyrði á ári fyrstu árin er rúmar 4 milljónir króna. Þrátt fyrir að stjórn telji þessa niðurstöðu góða fyrir klúbbinn er það ljóst að í íslensku vaxtaumhverfi er æskilegt að stjórnir næstu ára hafi það markmið að auka niðurgreiðslu skulda frekar og reyna að greiða aukalega inná þetta lán.

Stjórn hefur sétt sér metnaðarfulla áætlun um aukningu tekna og meiri afgang af rekstri og gengu þær áætlanir eftir fyrir árið 2011 og rúmlega það því útgjöld urðu minnu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Það skal tekið fram að gætt hefur verið mikils aðhalds í útgjöldum til að klúbburinn gæti haft aðkomu að fjárhagslegri endurskipulagningu þeirri sem að framan

greinir en GV kom með 10 milljónir af eigið fé inni þá endurskipulagningu. Fyrir árið 2012 erum við að gera okkur vonir um að tekjur geti orðið 59 milljónir króna en ljóst er að þær áætlanir byggja á því að við höfum hér eðlilegar samgöngur í gegnum Landeyjahöfn frá byrjun apríl og út septembermánuð. Lausafjárstaða GV er ágæt og nægt lausafé til rekstrar.

Í síðstu ársskýrslu var eftirfarandi texti sem stjórn telur nauðsynlegt að verði áfram í skýrslunni í ár:

*“Golfklúbbur Vestmannaeyja á sinn völl og öll sín mannvirki og tæki og hefur séð um alla uppbyggingu mannvirkja, tækja og golfvallarins auk alls viðhalds og reksturs í gegnum eigin reikning en hefur fengið framkvæmda og rekstrarstyrk frá Vestmannaeyjabæ. Er þetta ólíkt því sem aðrar íþróttagreinar búa við í Eyjum þar sem Vestmannaeyjabær er eigandi nær allra annarra íþróttamannvirkja, greiðir fyrri nýframkvæmdir og sér um rekstur. Vestmannaeyjabær hefur farið í miklar framkvæmdir við íþróttamannvirki á síðustu árum m.a. nýtt íþróttahús, knattspyrnuhús og endurbætur á sundlaug sem nýst hefur flestum íþróttagreinum í Eyjum og er það hið besta mál. Ýmsar framkvæmdir við golfvöllinn og æfingasvæði eru nauðsynlegar á næstu misserum viljum við halda okkar áfram á meðal bestu golfvalla. Það er ekki ósanngjörn krafa golfara og annarra sem njóta góðs af golvellinum eins og ferðaþjónustunnar að næstu framkvæmdir við íþróttamannvirki, sem styrktar verða af Vestmannaeyjabæ, verði við golfvöllinn.*

*Í rúm 70 ár hafa Eyjamenn rekið hér félagslega sterkan golfklúbb og verið í forystusveit golfklúbba landsins frá upphafi, en við erum þriðji elsti golfklúbbur hér á landi. Völlurinn hefur verið í hópi bestu keppnisvalla og státum við af elstu golfholum Íslands. Hér hefur verið rík hefð og krafa fyrir því að völlurinn okkar standi þeim bestu ekki að baki hvað gæði varðar og hér er einnig krafa um glæsileg golfmót með flottum verðlaunum.”*

Þessi orð standa öll og barátta okkar golfara fyrir aðkomu úr sameiginlegum sjóðum er nauðsynleg. Til viðbótar við framangreint þá má bæta því við að Golfið er næststærsta íþróttagrein landsins á eftir knattspyrnu en um 16 þús íslendingar eru félagar í golfklúbbum og 60 þús spila golf einu sinni eða oftár á ári. GV leggur mikla rækt við unglunga og barnastarf sbr. það sem kemur fram í kaflanum um unglunga og afreksstarf hér að framan og er eftir því sem best er vitað eina íþróttafélagið í Eyjum sem hefur fengið viðurkenningu og uppfyllt skilyrði til að vera fyrirmyndarfélag á vegum ÍSÍ.

Eins og fram kom hér að framan þá er árgjald hjá GV um 20% lægra en hjá klúbbum sem við berum okkur saman við en hér er tafla með árgjöldum nokkurra viðmiðunarklúbba fyrir árið 2011.

klúbbur	Árgjald	Vallargjald	Nýliðagjald	Öldungagj.	14-17 ára	14.ára yngri
GA	61.000	4.800	0	47.000	28.000	25.000
GS	65.000	5.000	52.000	37.000	35.000	27.000
Kjölur	77.000	4.800	0	45.000	40.000	32.000
GR,	79.000	6.800	118.500	39.500	39.500	28.000
GK	73.000	4.500	107.000	49.000	38.000	31.500
GKG	75.000	4.500	<b>103.500</b>	49.000	41.400	27.600
GO	83.000	6.800	108.000	55.000	39.000	25.500
<b>GV</b>	<b>53.000</b>	<b>5.000</b>	<b>30.000</b>	<b>26.500</b>	<b>20.000</b>	<b>20.000</b>
<b>Meðaltal</b>	<b>73.286</b>	<b>5.314</b>	<b>69.857</b>	<b>45.929</b>	<b>37.271</b>	<b>28.086</b>
GV	Undir meðaltali					
	<b>20.286</b>	<b>314</b>	<b>39.857</b>	<b>19.429</b>	<b>17.271</b>	<b>8.086</b>

Gerð er tillaga um að meðaltali 6% hækkun árgjalda en að barna- og unglíngagjöld verði óbreytt.

Skipting félagsmanna	Gjaldskrá 2011	Tillaga um breytingu 2011
Fullt gjald	53,000,-	56.000,-
Hjón *2	95,000,-	101.000,-
70.ára +	26,500,-	28.000,-
NL.gj. 1ár	30,000,-	32.000,-
NL.gj. 2.ár	30,000,-	32.000,-
Nemagj.	30,000,-	30.000,-
Aukaaðild	30,000,-	32.000,-
14-18 ára	20,000,-	20.000,-
13 ára og yngri	20,000,-	20.000,-

Samkvæmt samþykkt aðalfundar 2009 eru hjónum veittur 10% afsláttur af fullu gjaldi og 70 ára og eldri fá 50% afslátt frá fullu gjaldi.

Heildartekjur vegna árgjalda árið 2011 voru um 14 milljónir króna og verða nái þessar tillögur fram að ganga um 15 milljónir árið 2012 eða um 25% af áætluðum tekjum klúbbsins.

## Að lokum



Eins og að framan greinir þá lukum við fjárhagslegri endurskipulagningu klúbbsins á síðustu dögum. Er það mikilvægur áfangi að koma skuldastöðu klúbbsins í eðlilegt horf en hækkun lána klúbbsins eftir bankahrunið haustið 2008 hefur hangið yfir starfi klúbbsins og ekki hefur verið hægt að taka aðlileg skref í uppbyggingu og gera áætlanir til framtíðar.

Að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu er nú hægt að gera áætlanir til næstu ára og fara að huga að eðlilegri uppbyggingu og viðhaldi á starfsemi GV. Það er alveg ljóst að ef við ætlum að ná markmiðum um aukna aðsókn á völlinn og aukinn fjölda gesta til Eyja til að spila golf og um leið að nota aðra þjónustu í Eyjum þurfum við að halda áfram uppbyggingu, viðhaldi og endurbótum á og við völlinn okkar. Ný stjórn mun nú fara í þessa vinnu og hvetur félagsmenn til að taka þátt í henni en fyrirhugað er að lokapunktur verði á félagsfundum í mars eða apríl 2012. Ýmsar hugmyndir hafa vaknað m.a. um uppbyggingu æfingasvæðis, umhverfis í kringum skála, stígagerð og endurgerð teiga við sjávarsíðuna ofl. Verður það spennandi verkefni að fara í. GV er stofnað árið 1938 og verður klúbburinn því 75 ára árið 2013 og því spennandi að næstu skref verði tekin fyrir og í tengslum við afmælisárið. Það er því tilhlökkunarefni að takast á við næsta sumar, völlurinn okkar er fyrstur til á vorin og ættum við því að geta byrjað af krafti strax í apríl ef veður verða góð og Landeyjahöfn opin.

Eins og undanfarin ár verður framkvæmdastjóri í 50% starfshlutfalli í vetur og verður skrifstofa opin virka daga frá 14.00 – 16.00.

Ég vil að lokum þakka Stjórn, félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum þeim sem komu að starfi klúbbsins fyrir þeirra starf fyrir hönd klúbbsins.

Vestmannaeyjum 29. des 2011  
f.h. stjórnar.  
Helgi Bragason, formaður

# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



## REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

01.11.2010 - 31.10.2011

## ÁRITUN STJÓRNAR

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Golfklúbbs Vestmannaeyja koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu klúbbsins í lok reikningsárs 31. október 2011, reksrarreikningi 1. nóvember 2010 – 31. október 2011 og fjárhagslegri þróun tímabilsins.

Hagnaður að fjárhæð kr. 25,907,311.- var af rekstri Golfklúbbsins á árinu 2010-2011 og er sú fjárhæð færð til hækkunar á óraðstöfuðu eigið fé frá fyrra ári.

Í lok rekstrarársins er eigið fé kr. 117,197,118.-

Innréttingar, vélar og áhöld eru afskrifuð um 15% ári og fasteign um 3%

Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2010 til 31. október 2011 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 28. desember 2011

### Í stjórn

  
Helgi Bragason

  
Haraldur Óskarsson

  
Ragnar Baldvinsson

  
Hörður Óskarsson

  
Böðvar Bergþórsson

Sigurjón Pálsson

  
Jón Petursson

### Framkvæmdastjóri

Elsa Valgeirsdóttir

# REKSTRARREIKNINGUR 2010 - 2011

FRÁ 01/ 11/ 10 TIL 31/ 10/11

<u>Rekstartekjur</u>		<u>2011</u>	<u>2010</u>
Söluverðmæti.....	kr.	9.200.169	9.461.614
Leiga á golfvelli.....	kr.	30.053.186	24.085.168
Framlög og styrkir.....	kr.	14.600.430	13.128.830
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>kr.</b>	<b>53.853.785</b>	<b>46.675.612</b>

<u>Rekstarkostnaður</u>			
Vörunotkun.....	kr.	7.840.183	7.300.544
Laun og launatengd gjöld.....	kr.	18.221.857	18.983.928
Almennur rekstarkostnaður.....	kr.	18.168.466	15.706.508
Fyrningar.....	kr.	3.827.467	4.236.038
<b>Rekstarkostnaður alls</b>	<b>kr.</b>	<b>48.057.973</b>	<b>46.227.018</b>

**Hagnaður fyrir vexti** **5.795.812** **448.594**

<u>Fjármunatekjur og gjöld</u>			
Vaxtatekjur .....	kr.	463.228	378.371
Vaxtagjöld og verðbætur.....	kr.	-862.048	-2.785.254
Gengismunur og verðbætur.....	kr.	20.510.319	1.549.742
<b>Fjármunatekjur og gjöld alls</b>	<b>kr.</b>	<b>20.111.499</b>	<b>-857.141</b>

## Aðrar tekjur

Framkvæmdastyrkur Vestmannaeyjabæjar	kr.	0	0
<b>Aðrar tekjur alls</b>	<b>kr.</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>kr.</b>	<b>25.907.311</b>	<b>-408.547</b>

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. október 2011

## EIGNIR

2011

2010

### Veltufjármunir:

Sjóðir og bankainnistæður.....	kr.	5.518.304	4.393.348
Viðskiptamenn.....	kr.	10.378.238	7.627.586
Euró.....	kr.	86.330	98.730
Vísa.....	kr.	0	63.760
Óinnheimtir vextir.....	kr.	0	0
Virðisaukaskattur.....	kr.	7.908	49.680
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja	kr.	800.000	800.000
Vörubirgðir.....	kr.	350.000	350.000
<b>Veltufjármunir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>17.140.780</b>	<b>13.383.104</b>

### Fastafjármunir:

Innréttingar.....	kr.	2.688.719	3.163.199
Vélar - Golfvöllur.....	kr.	99.541.437	100.129.305
Fasteign.....	kr.	62.300.449	61.119.734
<b>Fastafjármunir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>164.530.605</b>	<b>164.412.238</b>

**EIGNIR SAMTALS .....** **kr.** **181.671.385** **177.795.342**



## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

### Skammtímaskuldir:

		2011	2010
Skuldir við bankastofnanir.....	kr.	0	0
Ógreiddir áfallnir vextir.....	kr.	453.337	108.573
Ógreiddar viðskiptaskuldir.....	kr.	2.303.959	4.322.385
Virðisaukaskattur.....	kr.	0	0
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	0	4.715.131
Ógreitt vegna starfsfólks.....	kr.	646.034	493.421
<b>Skammtímaskuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>3.403.330</b>	<b>9.639.510</b>

### Langtímaskuldir:

Íslandsbanki Nr. 102743 í JPY.....	kr.	0	17.923.801
Íslandsbanki Nr. 102744 í JPY.....	kr.	0	17.059.643
Íslandsbanki Nr. 102745 í JPY.....	kr.	0	17.059.643
Íslandsbanki Nr. 102746 í CHF.....	kr.	0	11.500.491
Íslandsbanki Nr. 102742 í CHF.....	kr.	0	18.037.578
Íslandsbanki Nr. 188599 í ÍSK.....	kr.	61.070.937	0
	kr.	61.070.937	81.581.156
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	0	4.715.131
<b>Langtímaskuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>61.070.937</b>	<b>76.866.025</b>

**Skuldir alls** kr. **64.474.267** **86.505.535**

### Eigið fé

Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr.	91.289.807	91.698.354
Leiðrétt frá fyrra ári og endurmat eigna.....	kr.	0	0
Hagnaður ( - tap ) ársins.....	kr.	25.907.311	-408.547
<b>Annað eigið fé alls</b>	<b>kr.</b>	<b>117.197.118</b>	<b>91.289.807</b>

**Eigið fé alls** kr. **117.197.118** **91.289.807**

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS.....** kr. **181.671.385** **177.795.342**

# ÁRITUN

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Golfklúbbs Vestmannaeyja, höfum endurskoðað ársreikning þennan fyrir rekstrartímabilið 1. nóvember 2010 til 31. október 2011 og ekkert fundið athugavert.

Við höfum sannreynt bankainnistæður og yfirfarið uppreikning erlendra lána og stemma þessir liðir ársreikningsins.

Með tilliti til góðrar endurskoðunarvenju teljum við ársreikning þennan gefa glögga mynd af rekstri Golfklúbbs Vestmannaeyja fyrir tímabilið 1. nóvember 2010 til 31. október 2011 og efnahag klúbbsins 31. okt. 2011.

**Vestmannaeyjum 28. desember 2011**



**Gunnar Gunnarsson**



**Guðni Sigurðsson**

# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



## REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

2006 - 2011

# REKSTRARREIKNINGUR 2006 - 2011

<u>Rekstartekjur</u>	2010-2011	2009-2010	2008-2009	2007-2008	2006-2007	2005-2006
Söluverðmæti..... kr.	9.200.169	9.461.614	7.884.148	7.514.286	6.404.762	4.251.669
Leiga á golfvelli..... kr.	30.053.186	24.085.168	20.696.330	9.314.462	7.384.495	6.232.590
Framlög og styrkir..... kr.	14.600.430	13.128.830	16.073.916	25.741.900	22.903.467	20.192.096
<b>Rekstartekjur alls</b> kr.	<b>53.853.785</b>	<b>46.675.612</b>	<b>44.654.394</b>	<b>42.570.648</b>	<b>36.692.724</b>	<b>30.676.355</b>

## Rekstkostnaður

Vörunotkun..... kr.	7.840.183	7.300.544	5.720.027	5.647.930	4.851.715	3.319.525
Laun og launatengd gjöld..... kr.	18.221.857	18.983.928	16.110.427	13.655.893	12.486.110	10.473.594
Almennur rekstrarkostnaður..... kr.	18.168.466	15.706.508	13.625.286	15.376.610	13.993.896	10.341.333
Fyrningar..... kr.	3.827.467	4.236.038	4.118.434	4.151.289	3.758.311	2.477.980
<b>Rekstrarkostnaður alls</b> kr.	<b>48.057.973</b>	<b>46.227.018</b>	<b>39.574.174</b>	<b>38.831.722</b>	<b>35.090.032</b>	<b>26.612.432</b>

**Hagnaður fyrir vexti**                      **5.795.812**                      **448.594**                      **5.080.220**                      **3.738.926**                      **1.602.692**                      **4.063.923**

## Fjármunatekjur og gjöld

Vaxtatekjur ..... kr.	463.228	378.371	1.115.805	4.031.583	1.810.509	877.513
Vaxtagjöld og verðbætur..... kr.	-862.048	-2.785.254	-4.001.986	-3.391.788	-1.657.093	-1.680.233
Gengismunur og verðbætur..... kr.	20.510.319	1.549.742	-9.633.978	-40.529.397	3.166.312	-2.993.039
<b>Fjármunatekjur og gjöld alls</b> kr.	<b>20.111.499</b>	<b>-857.141</b>	<b>-12.520.159</b>	<b>-39.889.602</b>	<b>3.319.728</b>	<b>-3.795.759</b>

## Aðrar tekjur

Framkvæmdastyrkur Vestm.bæjar ... kr.	0	0	4.000.000	0	1.500.000	1.500.000
<b>kr.</b>			<b>4.000.000</b>	<b>0</b>	<b>1.500.000</b>	<b>1.500.000</b>
<b>Hagnaður ársins</b> kr.	<b>25.907.311</b>	<b>-408.547</b>	<b>-3.439.939</b>	<b>-36.150.676</b>	<b>6.422.420</b>	<b>1.768.164</b>

# EFNAHAGSREIKNINGUR 2006 - 2011

## EIGNIR

	2010-2011	2009-2010	2008-2009	2007-2008	2006-2007	2005-2006
<b><u>Veltufjármunir:</u></b>						
Sjóðir og bankainnistæður..... kr.	5.518.304	4.393.348	6.849.771	17.030.965	13.558.235	10.495.238
Víðskiptamenn..... kr.	10.378.238	7.627.586	7.309.346	2.229.922	2.709.422	2.671.868
Euró..... kr.	86.330	98.730	69.860	17.100	10.900	25.280
Vísa..... kr.	0	63.760	40.820	24.330	15.450	17.110
Óinnheimtir vextir..... kr.	0	0	135.000	710.000	1.490.000	80.925
Virðisaukaskattur..... kr.	7.908	49.680	0	69.890	32.877	30.603
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja kr.	800.000	800.000	800.000	800.000		
Vörubirgðir..... kr.	350.000	350.000	350.000	350.000	350.000	350.000
<b><i>Veltufjármunir alls</i></b> kr.	<b>17.140.780</b>	<b>13.383.104</b>	<b>15.554.797</b>	<b>21.232.207</b>	<b>18.166.884</b>	<b>13.671.024</b>

## **Fastafjármunir:**

Innréttingar..... kr.	2.688.719	3.163.199	3.357.746	3.950.289	3.367.398	3.961.645
Vélar - Golfvöllur..... kr.	99.541.437	100.129.305	99.416.830	99.828.624	99.514.693	100.080.243
Fasteign..... kr.	62.300.449	61.119.734	60.272.482	55.604.183	48.015.000	49.500.000
<b><i>Fastafjármunir alls</i></b> kr.	<b>164.530.605</b>	<b>164.412.238</b>	<b>163.047.058</b>	<b>159.383.096</b>	<b>150.897.091</b>	<b>153.541.888</b>

<b><i>EIGNIR SAMTALS</i></b> .....	kr.	<b>181.671.385</b>	<b>177.795.342</b>	<b>178.601.855</b>	<b>180.615.303</b>	<b>169.063.975</b>	<b>167.212.912</b>
------------------------------------	-----	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------

# EFNAHAGSREIKNINGUR 2006 - 2011

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

### Skammtímaskuldir:

		2010-2011	2009-2010	2008-2009	2007-2008	2006-2007	2005-2006
Skuldir við bankastofnanir	kr.	0	0	1.226.611	6.582.059	8.494	472.846
Ógreiddir áfallnir vextir.....	kr.	453.337	108.573	110.576	186.510	60.957	58.754
Ógreiddar viðskiptaskuldir.....	kr.	2.303.959	4.322.385	1.971.675	4.147.538	3.509.262	1.988.429
Virðisaukaskattur.....	kr.	0	0	31.170	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímalána...	kr.	0	4.715.131	0	4.715.131	2.106.605	2.387.627
Ógreitt vegna starfsfólks.....	kr.	646.034	493.421	432.571	419.402	584.189	722.690
<b>Skammtímaskuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>3.403.330</b>	<b>9.639.510</b>	<b>3.772.603</b>	<b>16.050.640</b>	<b>6.269.507</b>	<b>5.630.346</b>

### Langtímaskuldir:

Sparisjóður Vestmannaeyja		0	0	0	0	0	0
Íslandsbanki Nr. 865402 í EUR....	kr.	0	0	0	0	0	0
Íslandsbanki Nr. 865409 í JPY.....	kr.	0	17.923.801	17.662.337	15.940.286	6.723.359	7.973.922
Íslandsbanki Nr. 865410 í JPY.....	kr.	0	17.059.643	16.810.786	15.171.752	6.399.204	7.589.472
Íslandsbanki Nr. 865411 í JPY.....	kr.	0	17.059.643	16.810.786	15.171.752	6.399.204	7.589.472
Íslandsbanki Nr. 865855 í USA....	kr.	0	0	0	0	0	0
Íslandsbanki Nr. 866252 í CHF....	kr.	0	11.500.491	12.399.458	10.593.437	5.235.035	5.896.816
Íslandsbanki Nr. 866671 í CHF....	kr.	0	18.037.578	19.447.531	16.619.693	8.210.721	9.152.359
Íslandsbanki Nr. 188559 - ÓVT.....	kr.	61.070.937	0	0	0	0	0
Kaupþing - Nr. 846.....	kr.	0	0	0	0	0	0
Kaupþing - Nr. 847.....	kr.	0	0	0	0	0	0
	kr.	61.070.937	81.581.156	83.130.898	73.496.920	32.967.523	38.202.041
Næsta árs afborganir langtímalána...	kr.	0	4.715.131	0	4.715.131	2.106.605	2.387.627
<b>Langtímaskuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>61.070.937</b>	<b>76.866.025</b>	<b>83.130.898</b>	<b>68.781.789</b>	<b>30.860.918</b>	<b>35.814.414</b>
					0		
					0		
<b>Skuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>64.474.267</b>	<b>86.505.535</b>	<b>86.903.501</b>	<b>84.832.429</b>	<b>37.130.425</b>	<b>41.444.760</b>

### Eigið fé

Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr.	91.289.807	91.698.354	95.782.874	131.933.550	125.768.152	123.594.134
Leiðrétt frá fyrra ári og endurmat eigi	kr.	0	0	-644.581	0	-257.022	405.854
Hagnaður ( - tap ) ársins.....	kr.	25.907.311	-408.547	-3.439.939	-36.150.676	6.422.420	1.768.164
<b>Annað eigið fé alls</b>	<b>kr.</b>	<b>117.197.118</b>	<b>90.600.993</b>	<b>90.600.993</b>	<b>95.782.874</b>	<b>131.933.550</b>	<b>125.768.152</b>
<b>Eigið fé alls</b>	<b>kr.</b>	<b>117.197.118</b>	<b>91.289.807</b>	<b>91.698.354</b>	<b>95.782.874</b>	<b>131.933.550</b>	<b>125.768.152</b>

<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS</b>	<b>kr.</b>	<b>181.671.385</b>	<b>177.795.342</b>	<b>178.601.855</b>	<b>180.615.303</b>	<b>169.063.975</b>	<b>167.212.912</b>
------------------------------------	------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------

# Minningasjóður Gunnlaugs Axelssonar

01.11.2010 - 31.10.2011

<u>Rekstartekjur</u>		<u>2011</u>	<u>2010</u>
Vextir.....	kr.	48.627	87.163
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>kr.</b>	<b>48.627</b>	<b>87.163</b>
<b>Rekstkostnaður</b>			
Styrkur til undlinga og afreksstarfs		0	0
Fjármagnstekjuskattur.....	kr.	8.752	10.018
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>kr.</b>	<b>8.752</b>	<b>10.018</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>kr.</b>	<b>39.875</b>	<b>77.145</b>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. október 2011

<u>EIGNIR</u>		<u>2011</u>	<u>2010</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Glitnir - 582-14-101191.....	kr.	1.125.498	1.085.623
<b>Veltufjármunir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>1.125.498</b>	<b>1.085.623</b>
<b>EIGNIR SAMTALS .....</b>	<b>kr.</b>	<b>1.125.498</b>	<b>1.085.623</b>

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

<u>Eigið fé</u>		<u>2011</u>	<u>2010</u>
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr.	1.085.623	1.008.478
Tekjuafgangur ársins.....	kr.	39.875	77.145
<b>Annað eigið fé alls</b>	<b>kr.</b>	<b>1.125.498</b>	<b>1.085.623</b>
<b>Eigið fé alls</b>	<b>kr.</b>	<b>1.125.498</b>	<b>1.085.623</b>
<b>EIGIÐ FÉ SAMTALS .....</b>	<b>kr.</b>	<b>1.125.498</b>	<b>1.085.623</b>

